

Fundargerð

44. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 21. mars 2014 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins - Höfuðborgarsvæðið 2040, tillaga á vinnslustigi.

Farið yfir tillögu að nýju svæðisskipulagi sem er á vinnslustigi. Eðlismunur er á tillögu að nýju svæðisskipulagi og því sem er í gildi. Horfið er frá hefðbundnu landnotkunarskipulagi yfir í stefnumótandi áætlun þar sem stefnan er sett fram undir leiðarljósum í markmiðum og aðgerðum. Engin eiginlegur skipulagsuppdráttur er í tillögu að nýju svæðisskipulagi heldur er stefnan skýrð frekar með þemakortum og skýringarmyndum.

Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt að fá nú endurgjöf á tillögunum áður en hún verður þróuð frekar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að kynna tillögu á vinnslustigi ásamt umhverfismati sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í fjórar vikur. Tillagan verði send til rýni hjá fagnefndum sveitarfélaga og umsagnaraðilum. Tillagan verður birt á heimasíðu SSH og svæðisskipulagsstjóra falið að útfæra nánari kynningu fyrir almenning.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.